

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Ágrip úr réttarfari

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Ágrip úr réttarfari (25%)
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%), ágrip úr réttarfari (25%).

Prófdagur: 31. október 2015 Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð 3 vegna þessa hluta prófsins (þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

A. Ritgerðarspurningar (15%)

Gerið grein fyrir eftirfarandi:

1. Flýtimeðferð einkamáls (5,0%).
2. Rétt hæð krafna við gjaldþrotaskipti (5,0%).
3. Hvaða munur er í lagalegu tilliti á annars vegar vitnaskýrslu og hins vegar aðilaskýrslu í almennu einkamáli (5,0%).

B. Fullyrðingar

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
 - (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
 - (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
 - (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.
1. Þegar bein nauðungarsöluheimild er í samningi (skuldabréfi) ræður kröfuhafi hvort hann krefjist fjárnáms hjá skuldara eða nauðungarsölu á eign sem skuldarinn er skráður fyrir:
☐ Rétt
☐ Rangt
 2. Ekki er fallist á kröfu um gjaldþrotaskipti á búi skuldara ef fjárfra kröfuhafans, sem er grundvöllur gjaldþrotaskipta, er nægilega tryggð, s.s. með veði í eign skuldara:
☐ Rétt
☐ Rangt
 3. Hægt er að krefjast aðfarar hjá aðila á grundvelli áritaðrar stefnu á hendur honum:
☐ Rétt
☐ Rangt
 4. Nauðasamningur, sem hefur verið samþykktur af kröfuhöfum og staðfestur af héraðsdómi, bindur alla kröfuhafa skuldarans, þ.m.t. þá sem greiddu atkvæði sitt gegn samningnum:
☐ Rétt
☐ Rangt
 5. Skuldara er ávallt heimilt að óska sjálfur eftir gjaldþrotaskiptum á búi sínu:
☐ Rétt
☐ Rangt
 6. Þann 1. júní 2015 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í ágreiningsmáli milli A og B, þar sem B var dæmdur til að greiða A 1.000.000 kr. með dráttarvöxtum frá 1. des. 2013 (gjaldþrotaskiptum) til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað. A sendi B greiðsluáskorun vegna kröfunnar fyrir 20 dögum síðan. A hefur misst alla þolinmæði gagnvart B og vill innheimta kröfuna eins fljótt og hægt er. Hvor kosturinn stendur A til boða við að innheimta kröfuna:
☐ A getur nú þegar óskað eftir nauðungarsölu á fasteign sem skráð er eign B til fullnustu kröfunnar.
☐ A getur nú þegar óskað eftir fjárnámi hjá B til fullnustu kröfunnar.
 7. Sá dagur sem héraðsdómara berst krafa um gjaldþrotaskipti á búi aðila nefnist frestdagur:
☐ Rétt
☐ Rangt
 8. Ákveðin takmörk eru á því hvers konar mál má bera undir dómstóla til úrlausnar, en t.d. þurfa allar kröfur sem gerðar eru í dómsmáli að vera fjárkröfur:
☐ Rétt
☐ Rangt
 9. Hæstarétt Íslands skipa 9 dómarar og dæma þeir allir í hverju máli:
☐ Rétt
☐ Rangt
 10. Hver og einn kröfuhafa getur leitað eftir því að bú skuldara verði tekið til greiðslustöðvunar:
☐ Rétt
☐ Rangt